

12. fundur Skólaneftndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara mánudaginn 21. júní 2021 klukkan 17:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Baldur Daníelsson, Bjarni Höskuldsson, Bryndís Ívarsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Hanna Sigrún Helgadóttir fulltrúi kennara. Baldur Daníelsson ritaði fundargerð.

1. Skólastarfið á vorönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarf vorannarinnar sem gekk mjög vel. Ákveðið var að seinka skólabyrjun um þrjá skóladaga til 11. janúar til að undirbúa skólastarf vorannarinnar betur vegna Covid, en annars voru nám og kennsla með nokkuð hefðbundnum hætti. Heilbrigðisráðherra lokaði framhaldsskólunum vegna Covid með dags fyrirvara þann 24. mars en vel gekk að koma nemendum heim og ekki var um skipulagt skólastarf að ræða þann 25. og 26. mars, en nemendur gátu leitað til kennara um hjálp. Farið var í menningarferð til Akureyrar og upp í Mývatnssveit undir lok febrúar. Þorrablót og Tónkvísl féllu niður en nemendur settu upp söng- og danssýninguna *Bugsy fullorðinn* í Þróttó, sem byggð var á söngleiknum um Bugsy Malone í leikstjórn Arnórs Benónýssonar og tónlistarstjórn Péturs Ingólfssonar. Fjórar sýningar fóru fram þann 1. og 2. maí. Vegna Covid var fyrirhuguð námsferð kennara til Finnlands um páskana felld niður öðru sinni.

2. Nemendatölur á vorönn

132 nemendur stunduðu nám við skólann á vorönn, 84 voru á heimavist, 3 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 11 voru utan vista og því voru 98 nemendur í dagskóla. 20 nemendur voru utan skóla og 14 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Þessir nemendur skiluðu 3.562 einingum sem samsvarar 118,7 nemendum í fullu námi. Alls voru 16 nemendur á almennri braut, 34 á félagsvísindabraut, 28 á íþróttabraut, 38 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir) og 16 á náttúruvísindabraut. Einn nemandi hætti á önninni (0,85% brotfall). Meðalraunmæting allra nemenda á vorönn var 88,1% (89,3% á haustönn) og óútskýrð fjarvera 7,8% (7,4% á haustönn). Meðaleinkunn allra nemenda var 6,75 (6,85 á haustönn). Brottfall úr áföngum var 4,2% (6,4% á haustönn) og að meðaltali voru 19,5 nemendur í áfanga (19,1 á haustönn).

3. Útskrift

25 nemendur voru brautskráðir af stúdentsbrautum og einn af almennri braut þann 15. maí að viðstöddum nánustu fjölskyldum þeirra. Athöfnin var lokuð öðrum, m.a. afmælisárgöngum vegna Covid en var streymt á Facebooksíðu skólans. Tíu nemendur brautskráðust af félagsvísindabraut, fjórir af íþróttabraut, níu af kjörsviðsbraut og tveir af náttúruvísindabraut. Dúx var Stefán Óli Hallgrímsson með **8,08** í meðaleinkunn. Skólapegn skólaársins var Kristinn Aron Curtis Arnbjörnsson nemandi af almennri braut.

4. Umsóknir

Skólanum bárust 36 umsóknir í fyrsta val beint úr 10. bekk og 54 í annað val. Af núverandi nemendum sóttu 81 um skólavist og var 76 boðin skólavist. Þá sóttu um 14 nemendur sem hafa verið í öðrum skólum eða tekið námshlé.

5. Inntaka

Teknir voru inn 33 umsækjendur beint úr 10. bekk, þar af 8 á almenna braut, 11 á félagsvísindabraut, 4 á íþróttabraut, 7 á kjörsviðsbraut og 3 á náttúruvísindabraut. Af nemendum sem voru í öðrum skólum eða tóku námshlé voru þrír teknir inn, allir á annað ár. Af þeim 76 núverandi nemendum sem boðin var skólavist voru 74 teknir inn (2 afþökkuðu skólavist).

Samtals voru 107 nemendur teknir inn í staðnám. Þar af 9 á almenna braut, 33 á félagsvísindabraut, 24 á íþróttabraut, 21 á kjörsviðsbraut og 21 á náttúruvísindabraut. Enn á

eftir að taka inn nemendur utan skóla og sem og nemendur við grunnskóla sem munu taka áfanga við skólann. Samsetning staðnema er þannig að 100 verða á heimavist, 6 utan vista og 1 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði.

#### 6. Skóladagatal

Sigurbjörn fór yfir skóladagatal FL skólaárið 2021-2022. Skólasetning verður sunnudaginn 29. ágúst. Jólafri hefst 17. desember og skóli hefst aftur 10. janúar. Þá er gert ráð fyrir Tónkvísl 18. febrúar. Páskaleyfi verður frá 8. apríl til og með 19. apríl og brautskráning verður laugardaginn 14. maí 2022. Að venju verða haustfrí og vorfrí og stefnt er að námsferð starfsmanna til Finnlands í Dymbilvikunni.

#### 7. Fjármál

Ársreikningur FL árið 2020 var sendur skólanum í maí 2021 og var lagður fram til kynningar. Skólinn var rekinn með 2,0 m.kr. tapi. Helgast það fyrst og fremst af því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið tók til baka í janúar 11 m.kr. af þeim peningum sem skólinn fékk vegna Covid og nemendafjölgunar á haustönn 2020. Uppsöfnuð fjárheimild skólans er 4,7 m. kr. og hefur verið óskað eftir því við ráðuneytið að fá að flytja hana yfir á árið 2021.

Ársreikningur Mötuneytis FL árið 2020 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.

Ársreikningur Framkvæmdasjóðs árið 2020 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.

#### 8. Jafnlaunavottun

Skólinn fór í gegnum jafnlaunavottun öðru sinni í apríl 2021 og fékk hana. Óútskýrður kynbundinn launamunur var 0,27% körlum í hag (var 0,57% konum í hag árið 2020).

#### 9. Betri vinnutími

Skólinn hefur innleitt *Betri vinnutíma* í bæði dagvinnu og vaktavinnu og þar með stýtt vinnuvikuna. Vegna hefðbundins starfstíma skóla var skólinn í raun búinn að innleiða styttinguna því stytting vinnuvikunnar hefur verið tekin út í formi lengri fría á skólaárinu (vetrarfrí, páskafrí, jólafri o.þ.h.). Vinnutími vaktavinnufólks veldur hins vegar aukalegri styttingu vinnuvikunnar. Vegna vinnutímans í vaktavinnu við Framhaldsskólann á Laugum mun vinnumánuður húsbænda verða 156 klst. og vinnumánuður eldhússtarfsfólks á vöktum verða 170 klst.

#### 10. Starfsmannamál

Hanna Sigrún Helgadóttir raungreinakennari óskaði eftir launalausuleyfi til eins árs og hefur það verið veitt. Að sama skapi óskaði Guðmundur Smári Gunnarsson raungreina- og stærðfræðikennari eftir launalausuleyfi til hálf árs og hefur það líka verið veitt. Skólinn auglýsti stöðu í stærðfræði og raungreinum og fékk fimm gildar umsóknir. Sakir vanhæfis skólameistara og þar með undirmanna hans, var Lára Stefánsdóttir skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga fengin til að fara yfir umsóknir og mat hæfasta Gunnhildi Hinriksdóttur, sem hefur verið ráðin. Önnur kennsla verður leyst með stundakennurum.

Nokkrar tilfærslur varðandi starfshlutföll í Mötuneyti FL. Auk þess hefur Mötuneyti FL auglýst 40% starf og rennur umsóknarfrestur út 25. júní n.k.

Óskað var eftir því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið réði inn starfsmann sem yrði skólameistara innan handa og létt á honum í þeim veikindum sem hann nú gengur í gegnum. Vel var tekið í óskina og er unnið að lausn þessa máls.

#### 11. Sumarstarfsmenn

Eins og sumarið 2020 hefur Laugaskóli tekið þátt í átaki Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn. Skólinn óskaði eftir fimm störfum og fékk þrjú. Ráðið var í 2,2 stöðugildi og fer vinnan fram í samvinnu við Ungmennafélagið Eflingu.

#### 12. Framkvæmdir

Frá síðasta sumri er þetta helst í framkvæmdum. Þróttó var málað og ljósabúnaði til leiksýninga komið fyrir. Teppaflekar voru keyptir á allt íþróttahúsgólfu til að verja það þegar húsið er notað

undir viðburði. Kjallarinn í Eldsteini var tekinn í gegn. Draugasteinn var málaður að utan og nú er verið að setja nýtt loftræstikerfi í íþróttahúsið.

13. Sumarhótel

Sumarhótel er að venju á Laugum. Eins og undarfarin ár er það Hótel Laugar ehf sem sér um reksturinn. Þar sem talsverð óvissar ríkir um reksturinn í sumar var samið um leigugreiðslur á sömu forsendum og sumarið 2020.

14. Önnur mál

Voru engin.

Fundur slitið kl. 19:15